


Ársskýrsla 2013



Ársfundur 4. júní 2014

Efnisyfirlit

Starfsárið 2013	3
Fjármögnun og rekstur	4
Stjórnun Starfsmenntar	5
Starfsmannahald og starfsþróun	5
Nám og þjónusta	6
Starfstengdar námsleiðir	7
Almenn námskeið og tölvunám.....	10
Farandfyrirlestrar	12
Ráðgjafaðjónusta og þróunarverkefni.....	12
Náms- og starfsráðgjöf	13
Þróunarverkefni.....	15
Lokaorð.....	16
Skráningar á námskeið 2013	17

Starfsárið 2013

Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur ríkisins og stéttarfélaganna innan BSRB um starfsþróun og símenntun. Markmið setursins eru að koma til móts við breytingar á starfsumhverfi og störfum með fræðslu og ráðgjöf. Setrið var stofnað árið 2001 og starfar á grunni bókana í kjarasamningum á milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og flestra stéttarfélaganna innan BSRB, þar sem SFR er stærst. Þjónusta Starfsmenntar er því félagsmönnum aðildarfélaganna að kostnaðarlausu sem hluti af starfsþróun en opin öðrum gegn gjaldi. Til að auðvelda aðgengi að starfstengdu námi hefur setrið gert samstarfsamninga við ýmsa mannauðs- og fræðslusjóði í eigu aðila á vinnumarkaði, sem hafa verið vel nýttir.

Setrið hefur vaxið ár frá ári, allt frá upphafi og sinnt stofnananámum opinberra starfsmanna í samstarfi við starfsfólk, stjórnendur, fræðsluaðila og sérfræðinga. Setrið býður bæði upp á stofnananám og styttri námskeið sem efla starfshæfni þvert á stofnanir. Einnig veitir setrið ráðgjöf sem styður við innleiðingu markvissrar mannauðsstjórnunar. Starfsárið 2013 var með öðru sniði en undanfarin ár og einkenndist af samdrætti og breyttum verkefnaáherslum. Skráningum í nám fækkaði á milli ára úr 3361 í 2518, en skýr mynd fékkst af því hvaða þjónusta hentaði á álagstímum. Stórir stofnanaskólar héldu velli en minni stofnanir nýttu sér frekar sérsniðin, styttri námskeið eða slógu námi á frest. Þá festu farandfyrirlestrar sig í sessi sem stutt og snarpt námsúrræði. Samstarf jókst við nýja aðila s.s. sveitarfélög og stofnanir utan höfuðborgarsvæðisins. Boðið var upp á stofnanaskóla um allt land, þ.á.m. hjá Fríhöfninni og Isavia, Tollstjóra, meðal fangavarða og fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja. Þá sinntu ýmsar greiðslu-, heilbrigðis- og velferðastofnanir ásamt dómstólum, símenntun starfsfólks vel. Flest almenn og opin námskeið voru minna sótt en árið áður en auknar kröfur eru gerðar um að þau séu hagnýt og taki á flóknum áskorunum á vinnustað.

Eininganám innan framhaldsskóla sem Starfsmennt bauð upp á m.a. í samstarfi við mannauðs- og fræðslusjóði gekk vel s.s. brúarnám félagsliða, heilbrigðisritara og frístundafulltrúa. Í brúarnámi er starfsreynsla metin til eininga sem er vísir að skilvirkara samtali formlega og óformlega skólakerfisins. Skrifstofunám og nám til viðurkenningar bókara var einnig vel sótt og aukinn áhugi var hjá þátttakendum að nýta betur kosti fjarnáms og rafræns námsumhverfis. Fjarnám af bestu gæðum tryggir jafnan aðgang starfsmanna um allt land að námi og leitar setrið leiða til að efla þá framsetningu. Starfsnám stuðningsfulltrúa var haldið einu sinni á önn en eftirspurn hefur minnkað mikið eftir að málaflokkurinn var færður frá ríki til sveitarfélaga. Þá lögðust sérstök námskeið fyrir atvinnuleitendur af á árinu, en setrið sinnti náms- og starfsráðgjöf fyrir þann hóp. Flestir sem nýttu sér einstaklingsráðgjöfina voru þó í starfi. Alls voru 185 viðtöl tekin á árinu.

Margskonar þróunar- og samstarfsverkefni á sviði menntunar og mannauðsefningar voru unnin á árinu. Hafist var handa við tvö raunfærnimatsverkefni, annarsvegar út frá námskrá félagsliða og hinsvegar út frá færnikröfum skrifstofustarfa innan stjórnsýslunnar. Þá tók setrið þátt í tveimur evrópskum samstarfsverkefnum á vegum Menntaáætlunar ESB. Annað verkefnið fólst í því að senda 19 sérfræðinga í vikunámsferðir erlendis og miðla niðurstöðum um aukin menntatækifæri og lauk því á árinu. Hitt verkefnið varðar þróun raunfærnimats innan opinbera geirans á störfum sem eru að verða sérhæfð án þess að formlegt nám búi að baki. Þá styrkti setrið áfram gæðaferla sína og fór í árlega gæðaúttekt ásamt því að sækja um viðurkenningu sem fræðsluaðili til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Á vormánuðum fékk setrið Félagsvísindastofnun háskólans til að vinna fyrir sig viðamikla rannsókn þar sem könnuð voru viðhorf til þjónustunnar og raddir þjónustuþega kortlagðar. Svörun var tæp 40% og niðurstöðurnar nýttust vel til að greina hverju starfið hefur skilað, hvað má gera betur og eftir hverju er mest eftirspurn.

Útgjöld setursins minnkuðu um 6% á milli ára og voru kr. 110.672.555 en ekki var um tekjuafgang að ræða og því gengið á uppsafnað eigið fé. Tekjur lækkuðu einnig umtalsvert og þá aðallega sértekjur vegna námsþátttöku. Í lok árs voru sex stöðugildi hjá setrinu en eitt nýtt starf mannauðssérfræðings bættist við á árinu. Auk framkvæmdastjóra sinna þrjú starfsmenn starfstengdri símenntun og tveir

mannauðsráðgjöf innan stofnana. Mannauðsþjónusta til stofnana eflist á árinu þar sem vinna sem áður var seld út til verktaka færðist meira til setursins og mannauðsráðgjafar komu með virkari hætti að innleiðingu og eftirfylgd verkefna. Setrið vinnur að því að verða sýnilegra og efla mannauðsþjónustu út frá áherslum sem eigendur stefna að hverju sinni. Starfsmennt nálgast því stofnanir á persónulegri máta en áður en nýtir áfram hefðbundnar kynningarleiðir eins og kynningarbæklinga, auglýsingar, veffréttabréf, markpósta, fyrirlestra um starfsemi setursins og samfélagsmiðla.

Framundan er mikil vinna í að auka skýrleika og sýnileika starfstengds náms og stofnanaskóla meðal opinberra starfsmanna og stjórnenda. Stefnt er að því að ríkisstarfsmenn þekki og hafi aðgang að gæðanámi sem nýtist í starfi og styður við starfsþróun og stefnu stofnana. Til að það geti orðið þarf viðurkenningu á starfstengdum námsleiðum og stofnanaskólum sem fellur að íslenskum hæfniramma náms og starfa. Líta þarf á starfstengt nám sem jafngilt öðru námi og sem hluta af heildstæðu íslensku menntakerfi. Þannig er tryggt að allt nám nýtist hvar sem það er stundað, að uppfylltum gæðakröfum. Vinnustaðurinn er mikilvæg uppspretta lærdóms og aukin tæknivæðing hefur opnað fyrir margskonar möguleika til náms, breyttra kennsluáferða og mats á hæfni. Stofnanir þurfa að hafa greiða leið að framúrskarandi námstækifærum fyrir starfsfólk um leið og stutt er við námsmenningu svo nýr lærdómur skili sér inn til stofnana og efli gæðastarf og starfsánægju.

Fjármögnun og rekstur

Útgjöld ársins 2013 lækkuðu á milli ára um 6,3% og voru kr. 110.672.555. Að jafnaði störfuðu fimm starfsmenn allt árið en undir lok þess voru stöðugildin orðin sex. Heildartekjur ársins voru kr. 96.927.237 og var setrið því rekið með halla og gengið á eigið uppsafnað fé. Heildareign í árslok var kr. 26.157.966. Tekjur frá stofnaðilum voru svipaðar fyrra ári en sértekjur vegna námskeiðsgjalda minnkuðu til muna. Aðrar sértekjur komu frá tveimur evrópskum samstarfsverkefnum og framlag frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu minnkaði um helming á milli ára. Ekki var allt nám gangsett sem gert var ráð fyrir en unnið þess meira í þróunar-, ráðgjafar- og samstarfsverkefnum.

Setrið sýndi að það býr yfir nægjanlegum sveigjanleika til að sækja á ný mið og taka á nýjum verkefnum þegar að samdráttur verður í námi og eins og árið 2013. Hlutfallslega skiptingu rekstrargjalda og þróun á milli ára má sjá á töflu hér fyrir neðan en hlutfallsleg útgjöld vegna náms og þjónustu minnkuðu á árinu en launakostnaður jókst.

Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Launakostnaður	34,6%	28,8%	27%	21%	23%	22%	18.5%	17%
Annar rekstrarkostnaður	20,1%	17%	17%	15%	17%	14%	14.6%	22%
Nám og þjónusta	45,3%	54,2%	56%	64%	60%	64%	66.9%	61%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Hlutfall framlaga og sértekna setursins má sjá í næstu töflu ásamt samanburðartölum síðustu ára:

Hlutfallslegar rekstrartekjur setursins	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Framlög skv. skilagreinum frá stofnunum	59,4%	45,7%	50%	49%	53,2%	65,3%	53,5%	62,5%
Próunar- og símenntunarsjóður SFR	18,2%	23,7%	22%	33%	33,2%	28%	38,5%	27,8%
Próunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu	1,6%	1,4%	2%	4%	3,1%	4%	3,3%	3,7%
Námskeiðsgjöld og styrkir	13,4%	16,2%	15%	10%	10,5%	2,7%	4,7%	6%
Framlög úr Fræðslusjóði	7,4%	13%	11%	4%	-	-	-	-
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Stjórnun Starfsmenntar

Stjórn Starfsmenntar er skipuð eigendum setursins til jafns og á árinu 2013 var skipt um varamann í stjórn. Ásta Lára Leósdóttir lét af störfum og í hennar stað var Einar Mar Þórðarson tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Stjórnin er skipuð tveimur fulltrúum frá annarsvegar stéttarfélagunum og hinsvegar frá Kjara- og mannauðssýslu fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Aðalmenn:

- Árni Stefán Jónsson formaður (SFR – stéttarfélag í almannajónustu)
- Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður (Kjara- og mannauðssýsla ríkisins)
- Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu)
- Ágústa Hlín Gústafsdóttir (Kjara- og mannauðssýsla ríkisins)

Varamenn:

- Jóhanna Þórdórsdóttir (SFR – stéttarfélag í almannajónustu)
- Einar Mar Þórðarson (Kjara- og mannauðssýsla ríkisins)
- Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)

Framkvæmdastjóri var Hulda Anna Arnljótsdóttir.

Stjórnin hélt 11 fundi á árinu og þar af tvo með varastjórn. Ársfundur var haldinn 30. maí með varamönnum og annar sameiginlegur fundur stjórnar og varamanna var haldinn 5. desember.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir aðila setursins voru þær Ása Clausen og Guðný E. Leifsdóttir. Lögiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young.


Starfsmannahald og starfsþróun

Stöðugildi voru fimm, en einni stöðu mannauðssérfræðings var bætt við í lok árs. Verkefnum er skipt á tvö fagsvið sem skarast þó að hluta. Skrifstofustjóri og tveir verkefnastjórar eru á fræðsluviði og tveir mannauðssérfræðingar á ráðgjafasviði. Breytingar urðu í starfsmannahaldi á árinu, Valgerður Margrét Briem lét af störfum sem verkefnafulltrúi og Sólborg Alda Pétursdóttir var ráðin sem verkefnastjóri náms. Sverrir Hjálmarsson var ráðinn sem mannauðssérfræðingur og Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir fór í fæðingarorlof. Starfsfólk sótti námskeið sem nýttist starfsþróun þeirra og féll að framtíðarverkefnum setursins á sviði nýjunga í kennslufræði, rafrænu námsumhverfi, notkun samskiptamiðla, auknum gæðum náms og ráðgjafar, vefvinnu og hæfnigreiningum og raunfærnimati í innlendum og evrópskum verkefnum. Alls voru fjórir styrkir til vikunámsferða fyrir starfsmenn nýttir en farið var til Englands og Danmerkur.

Nám og þjónusta


Námi Starfsmenntar má skipta í fernt. Stærsti hluti starfseminnar er starfstengdar námsleiðir stofnana sem byggja á námskrám sem setrið vinnur með starfsfólki og stjórnendum. Þá er boðið upp á almenn þverfagleg námskeið sem opin eru öllum og efla margskonar starfshæfni. Einnig er boðið upp á stutt, snörp og sérsniðin námskeið sem stofnanir geta óskað eftir í formi farandfyrirlestra og er þar hægt að velja úr öllum námskeiðstitlum setursins. Setrið greiðir einnig leið félagsmanna aðildarfélaganna í starfsnám innan framhaldsskólanna sem tengist opinberum störfum. Þau verkefni eru unnin í samstarfi við ýmsa fræðslu- og mannauðssjóði eins og Þróunar- og símenntunarsjóð SFR, Mannauðssjóð KJALAR, Mannauðssjóð Samflotsins og Mannauðssjóð Kópavogs-Garðabæjar- Suðurnesja. Einnig semur setrið við Starfsþróunarsetur háskólamanna og fræðslusjóði á almennum vinnumarkaði með það fyrir augum að greiða aðgengi starfsfólks í nám og auðvelda stofnunum og fyrirtækjum að vinna saman.

Hlutfallslega skiptingu þjónustuliða náms má sjá á mynd hér fyrir neðan. Til samanburðar á milli ára eru myndir síðustu tveggja ára sýndar.



Starfsmennt leitast við að finna námsverkefnum sem skilvirkasta framkvæmd og leitar því til fræðsluaðila og sérfræðinga um allt land til að halda utan um kennslu og vinna í anda gæðaviðmiða setursins. Starfsmennt gerir því fjölda samstarfssamninga við fræðsluaðila og sérfræðinga. Á þann hátt og með því að nýta öflugt sérhannað námskerfi setursins, er hægt að bjóða upp á starfstengda fræðslu í héraði og tryggja jafnari aðgang ríkisstarfsmanna að námi. Starfsmennt leggur mikla áherslu á að stækka og efla tengslanet sitt með það fyrir augum að nýta krafta samstarfsaðila í námsverkefnum. Starfsmennt tekur því þátt í margskonar ytra samstarfi t.d. innan heildarsamtaka um fullorðinsfræðslu á Íslandi og starfar mikið með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að sameiginlegum verkefnum. Til að auka sýnileika setursins út á við, bæði meðal markhópsins og samstarfsaðila, stendur setrið fyrir öflugu kynningarstarfi og tekur þátt í ráðstefnum og stefnumótandi vinnu. Allt nám Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarfélaganna og samstarfssjóða að kostnaðarlausu en rúm 20% þátttakenda eru utan aðildar og greiða því gjöld. Hlutfallsleg skráning í nám eftir stéttarfélögum er og hefur verið svipuð milli ára og má sjá á næstu síðu:

Hlutfallsleg skráning eftir stéttarfélögum árið 2013



Starfstengdar námsleiðir

Starfstengdar námsleiðir eru stærsta verkefni Starfsmenntar. Setrið býður stofnunum og starfshópum sérsniðnar starfstengdar námsleiðir/stofnanánám, þar sem bæði er gætt að fagmennsku og sveigjanleika. Námsleiðirnar mynda heildarnámskerfi stofnana eða starfssviða út frá fræðsluþörf, starfsmarkmiðum og stefnu stofnana. Stýrihópar ákveða framkvæmd námsins en þar eiga sæti jafnmargir starfsmenn og stjórnendur. Vefkerfi Starfsmenntar er nýtt við skráningar, samskipti, miðlun og vistun námsgagna og við útskrift, en nám er ýmist haldið hjá fræðsluaðilum, skólum eða á vinnustöðum. Eftirfarandi nám ætlað stofnunum eða starfsgreinum var í boði á árinu:

Á vettvangi - námsleið fyrir læknaritara

Námsleið fyrir læknaritara þar sem komið er til móts við nýjungar í starfi þeirra, starfsfærni aukin og starfsvettvangur innan heilsugæslu og heilbrigðisstofnana eflur. Boðið var upp á sérhæft enskunnámskeið fyrir læknaritara á árinu sem var vel sótt.

Áfangar – námsleið fyrir fangaverði

Námsleið fyrir fangaverði þar sem unnið er að því efla þá í starfi, innleiða nýjungar og styrkja persónulega hæfni þeirra. Regluverki starfsins var gefinn sérstakur gaumur. Boðið var upp á fjögur mislög námskeið sem haldin voru á fjögurum stöðum á landinu.

Brúarnám fyrir verðandi félagsliða

Þetta er eitt af stærstu námsverkefnum Starfsmenntar en námið er í samstarfi við Borgarholtsskóla og nokkrar símenntunarmiðstöðvar. Námið er ætlað nemendum 22 ára og eldri sem hafa a.m.k. 3 ára starfsreynslu og hafa lokið 240 stunda starfstengdu námi. Kennir er staðbundið og í dreifnámi. Starfsmennt greiðir innritunar- og einingagjöld fyrir félagsmenn aðildarfélaganna og er með sérstaka samstarfssamninga við Mannauðssjóð Kjalar, Samflots, KSG og Ríkismennt/Sveitamentnt.

Starfstengd símenntun félagsliða

Starfsmennt hefur unnið með félagsliðum að hönnun og framkvæmd styttri starfstengdra námskeiða sem taka á nýjungum í starfi. Á árinu var boðið upp á nám um viðhorf, virðingu og fjölbreytileika, sem haldið var í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar um allt land. Samið var við Framvegis um utanumhald fjarsendinga til fjölda fræðsluaðila á landsbyggðinni.

Félagsliðar- viðbótarnám

Þetta eininganám er samstarfsverkefni Starfsmenntar og Borgarholtsskóla. Um er að ræða viðbótarnám fyrir félagsliða sem vilja styrkja faglegan grunn og undirbúa sig fyrir frekara nám. Námið er 36 einingar og var námskráin skrifuð af Starfsmennt, Borgarholtsskóla, fagfélagi félagsliða og viðkomandi stéttarféлага. Boðið var upp á þrjá áfanga á hverri önn sem voru vel sóttir.

Félags- og tómsundabré

Félagsmenn aðildarféлага og samstarfssjóða geta sótt nám í félags- og tómsundafræðum í samstarfi við Borgarholtsskóla. Námið er 34 einingar sem kennt er á fjórum önnum og er ætlað starfsfólki sem vinnur að tómsundastarfi með börnum, fötluðum, sjúklingum eða öldruðum.

Brúarnám fyrir verðandi heilbrigðisritara

Brúarnám fyrir verðandi heilbrigðisritara í samstarfi við Fjölbrautarskólann við Ármúla og Þróunar- og símenntunarsjóð SFR. Námið er 35 einingar en Starfsmennt auglýsti námsleiðina mikið m.a. í samstarfi við Landspítalann, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og úti á landi.

Fríhafnarskólinn – nám og þjónusta fyrir starfsfólk á flugvöllum

Fríhafnarskólinn er nám fyrir starfsfólk Fríhafnarinnar sem gerður hefur verið sérstakur námssamningur við í gegnum kjarasamninga. Námskeiðin eru hönnuð af Starfsmennt, Isavia, SFR og Félagi flugmálastarfsmanna. Námsleiðinni er skipt upp í 30-40 stunda lotur og er ein lota kennd á hverri önn. Á þessu ári var boðið upp á nám í markaðs- og sölutækni sem var afar vel sótt.

Heilsa – námsleið fyrir starfsfólk á heilbrigðissviði

Heilsa er námsleið sem hönnuð var í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni. Einstaka námsþættir úr námskránni hafa verið nýttir sem farandfyrirlestrar á heilsugæslustöðvum. Starfsfólki í framlínustörfum var boðið upp á starfstengda ensku þar sem fagorðafórði og talmál var æft.

Þróttur – námsleið fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja

Námsleið fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja var hönnuð í samstarfi við KJÖL-stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu og Akureyrabæ. Námskráin telur 150 stundir. Boðið var upp á tvær námslotur á árinu, Samskipti við skóla og Sjálfstyrkingar- og samskiptanámskeið. Kennir var á Akureyri og í Borgarnesi.

Forystufræðslan

Forystufræðslan, námsleið hönnuð fyrir starfsfólk og stjórnir stéttarféлага ASÍ og BSRB, hélt áfram á þessu ári. Framkvæmd var með þeim hætti að Starfsmennt og Félagsmálaskóli alþýðu héldu utan um námskeiðin í sameiningu og var skráningar- og umsýslukerfi Starfsmenntar nýtt. Fjöldi námskeiða var í boði á árinu en einungis tókst að halda námskeið á höfuðborgarsvæðinu og stóð Félagsmálaskólinn straum af öllum kostnaði.

Launaskólinn – nám fyrir launafulltrúa hjá ríki og bæ

Launaskólinn er námsleið fyrir launafulltrúa og aðra sem koma að starfsmanna- og kjaramálum hjá ríki og bæ. Námsleiðin er 84 stundir en er skipt í fjögur þemu. Námið var þróað í samstarfi Starfsmenntar við Samband íslenskra sveitarfélaga, fjármála- og efnahagsráðuneytið og SFR. Fundað var um áframhaldandi þróun námsleiðarinnar en fyrirhugað er að bæta við námsþáttum til að námið nýtist fleirum en þeim einum sem vinna við launavinnslu.

Skil – námsleið fyrir starfsmenn á innheimtusviði tollstjóra

Skil er námsleið fyrir starfsmenn á innheimtu- og afgreiðslusviði tollstjóra. Námsleiðin er alls 228 klukkustundir og skiptist í tvo efnislega kjarna, verklegt nám og val. Boðið var upp á fjölda námskeiða á árinu sem voru vel sótt og útskrifuðust nokkrir starfsmenn úr heildarnáminu sem hefur verið í boði í nokkur ár.

Skrifstofubraut I og II

Starfsmennt býður upp á skrifstofubraut, bæði í fjar- og staðnámi, í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi. Náminu er ætlað að efla almenna og sérhæfða færni í íslensku, ensku, bókhaldi, rekstri og skipulagi verkefna og er um að ræða 33 eininga nám sem skiptist á þrjár annir. Námið er afar vel sótt og eitt af stærstu samstarfsverkefnum Starfsmenntar. Setrið býður einnig upp á raunfærnimat inn á námsbrautina fyrir starfsfólk með langa starfsreynslu af skrifstofustörfum.

Starfsnám stuðningsfulltrúa – grunnur og framhald

Hér er um að ræða tvær stórar námsleiðir sem Starfsmennt býður upp á og hefur Framvegis séð um framkvæmdina á annarsvegar 162 stunda grunnnámi og hinsvegar 84 stunda framhaldsnámi. Þátttaka í námið var dræm á árinu m.a. vegna þess að málaflokkurinn var nýlega færður frá ríki til sveitarfélaga án þess að menntunarleg ábyrgð hafi verið nægilega skilgreind.

Tryggingastofnun ríkisins

Starfsmennt hefur lengi haldið utan um starfstengda fræðslu í samstarfi við Tryggingastofnun og er reglulega boðið uppá fræðslu og námskeið fyrir starfsmenn. Boðið var upp á námskeið í þjónustustjórnun, markmiðasetningu og fjallað um vellíðan í vinnu.


Viðurkenndur bókarí

Starfsmennt greiðir þátttökugjöld félagsmanna sem sækja nám fyrir Viðurkennda bókara. Um er að ræða undirbúningsnám fyrir próf til viðurkenndra bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins. Aðildarfélagar gátu valið á milli þess að sækja námið hjá Menntaskólanum í Kópavogi og Endurmenntun Háskóla Íslands og var þátttaka mjög góð.

Vísdomur – námsleið fyrir starfsfólk héraðsdómstóla

Vísdomur er starfstengd námsleið fyrir starfsfólk héraðsdómstóla og byggir á þarfagreiningu meðal embættanna sem fór fram fyrir nokkru. Námið hefur verið í endurskoðun og nokkrir nýir námsþættir bættust við sem kenndir voru á árinu, m.a. með fjarkennslu til embætta á landsbyggðinni. Fjallað var um meðferð einkamála og starfsmannasamtöl undirbúin.

Yfirlit yfir fjölda skráninga í starfstengdar námsleiðir



Almenn námskeið og tölvunám

Almenn námskeið Starfsmenntar eru opin öllum þvert á stofnanir og starfsgreinar. Hér er um að ræða námskeið sem efla almenna starfshæfni og koma til móts við auknar kröfur á vinnumarkaði. Ýmis námskeið eru í boði um stjórnun, tungumál, eflingu sjálfstrausts sem grunn að góðum samskiptum eða sérhæft stjórnunarnám. Þá eru í boði um allt land tíu titlar fjarkenndra tölvunámskeiða þar sem kennt er á helstu forrit.

Enska fyrir atvinnulífið

Starfsmennt hefur boðið upp á 20-30 stunda starfstengd enskunámskeið í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar um allt land, þar sem raðað er í hópa eftir getu eða áhugasviði. Allar símenntunarmiðstöðvar taka þátt í þessu verkefni í héraði. Starfsmennt greiddi þátttökugjöld sinna félagsmanna á námskeiðin og sér um skráningu og utanumhald.

Danska – æfing í talmáli á léttum nótum

Boðið var upp á dönskunám í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands, báðar annirnar. Starfsmennt greiddi þátttökugjöld sinna félagsmanna á námskeiðin og sér um skráningu og utanumhald.

Fjarkennt tölvunám

Starfsmennt býður upp á tíu fjarkennd tölvunámskeið að hausti og vori. Námskeiðin eru: Grunnnámskeið, Outlook, PowerPoint, Myndvinnsla, Publisher, Word, Excel, Google og Hugarkort. Grunnurinn er 80 stundir en hin 26. Auk þess er boðið upp á aðgang að kennslumyndböndum fyrir fjölda Office forrita. Þátttaka var góð á námskeiðin þó hún hafi farið jafnt og þétt minnkandi.

Ég og starfið

Ég og starfið, áður Framrás I, hefur verið í boði undanfarin ár. Námskeiðið er 36 stundir og haldið hjá Endurmenntun Háskólans.

Mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu

Þetta 32 stunda nám gefur þátttakendum yfirsýn yfir uppbyggingu mannauðs og hæfni innan ríkisstofnana. Áhersla er lögð á skipulagningu og stjórnun starfsmannamála og að gefa yfirsýn yfir fræðasviðið sem og hagnýt verkfæri. Námið er haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og var eitt námskeið haldið á árinu.

Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum

Þetta er 60 stunda nám, ætlað samstarfsfólki stjórnenda sem þarf að búa yfir fjölbreyttri hæfni m.a. til að auðvelda framgang og yfirsýn verkefna. Námið er haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og náði ekki flugi á árinu.

Nýr vettvangur – breytt starf fyrir atvinnuleitendur

Starfsmennt bauð þeim félagsmönnum BSRB sem misst höfðu vinnuna upp á röð námskeiða til að viðhalda virkni og takast á við afleiðingar atvinnuleysis. Um er að ræða 16 stutt námskeið. Ákveðið var að draga úr framboðinu á árinu þar sem þátttaka hefur dalað og þessi námskeið að mestu þjónað hlutverki sínu.

Rekspölur I og II

Rekspalarnámskeiðin eru hvort um sig 60 stundir og á þeim er fjallað vítt og breitt um einstaklinginn, stöðu hans, stefnu og samfélagslega uppbyggingu. Þau voru vel sótt á árinu og náðist að manna þau bæði.

Talsmaður breytinga

Þetta er 76 stunda nám þar sem áhersla er lögð á áhuga og ábyrgð starfsmanna á þróun vinnuumhverfis og hvernig innleiða megi breytingar og efla námsmenningu. Námskeiðið hefur verið kennt einu sinni á ári í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands en ekki náðist að fullmanna námskeið þetta árið.

Lífsbraut

Námsleiðin er alls 60 kennslustundir og samanstendur af 11 námsþáttum. Gefið er fræðilegt yfirlit yfir valda málaflokka og þátttakendur hvattir til að taka þátt í umræðum til að skoða hvaða hugmyndir, lífstefnur og verðmæti hafa verið ráðandi og áhrifavaldar í eigin lífi. Námið er haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og var eitt námskeið haldið á árinu sem var afar vel sótt.

Upplýsinga- og skjalastjórnun

Þetta námskeið er 10 stunda hnitmiðað nám þar sem farið er í meginhugmyndafræði skjalastjórnunar á opinberum gögnum. Fyrirhugað er að efla námið og tengja betur við rafræna skjölun, vistun og endurheimt. Námið er haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og gekk vel á árinu.

Verkefnastjórnun – vinnulag sem virkar

Þetta er 24 stunda nám þar sem þátttakendum er kynnt aðferðafræði verkefnastjórnunar. Markmiðið er að virkja starfsfólk til að taka þátt í þróun þekkingar með því að læra hvernig útfæra má hugmyndir frá upphafi til enda og halda utan um alla þræði verksins. Námið er haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og gekk vel á árinu bæði staðbundin kennsla og fjarnám.

Þjónustustjórnun

Þjónustustjórnunarnámskeiðin eru haldin í samstarfi við Gerum betur ehf. og er annarsvegar um að ræða stutt fjarkennt námskeið og hinsvegar lengra staðbundið nám. Fjarkennda námskeiðið sátu 34 þátttakendur en þar er horft á 6 örmyndbönd og verkefni leyst. Staðbundna námskeiðið var aðallega nýtt sem farandfyrirlestur innan stofnana þar sem unnar eru verklegar æfingar.

Starfsmannasamtöl og samskiptanámskeið

Þá voru haldin nokkur minni námskeið eins og um Starfsanda og samstarfsvilja, Að tjá sig án kvíða og Starfsmannasamtöl fyrir annarsvegar starfsmenn og hinsvegar stjórnendur. Þessi minni námskeið sem voru oft opin öllum féllu sum niður á árinu en hlutar þeirra nýttust sem farandfyrirlestrar sem stofnanir kölluðu eftir. Samdráttur var í eftirspurn eftir undirbúningsnámskeiði fyrir starfsmannasamtöl.

Farandfyrirlestrar

Starfsmennt býður úrval fyrirlestra sem stofnanir geta kallað eftir þegar best hentar. Markmiðið er að efla símenntun og starfsþróun með því að veita aðgang að sérfræðingum, án mikils tilkostnaðar, sem fjalla um það sem stofnanir hafa áhuga fyrir. Fræðslan nýtist bæði starfsfólki og stjórnendum og er ætlað að vekja upp spurningar, örva umræðu og skapa ný sjónarhorn. Fyrirlestrarnir fara oftast fram á vinnustað en skráningar- og gæðakerfi Starfsmenntar er nýtt til að tryggja góða framkvæmd. Fyrirlestrarnir eru að lágmarki 3 klukkustundir. Eftirfarandi farandfyrirlestrar voru haldnir á árinu, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni:

Kópavogsbær	Efling sjálfstrausts
ISAVIA	Heilsuefling
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Velliðan í vinnunni Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn
Ríkisskattstjóri	Að skrifa góða íslensku Um námsmenningu Samskipti á kvennavinnustað
Einkaleyfastofa	Þjónustustjórnun Starfsmannasamtöl
Skálatún	Að takast á við ágreining Velliðan í vinnunni
Ísafjörður	Tímastjórnun Hvað er mannauðsstjórnun? Að takast á við erfiða viðskiptavini
Þjóðskrá	Velliðan í vinnunni Starfstengd enska
Sjúkratryggingar Íslands	Starfstengd enska

Ráðgjafabjónusta og þróunarverkefni

Á árinu var stórt skref stigið með því að efla mannauðsþjónustu setursins og bæta við einni stöðu mannauðssérfræðings. Skerpt var á áherslum þjónustunnar og meginverkefni skilgreind betur. Ráðgjöfin hefur færst í auknu mæli til fastra starfsmanna setursins sem vinna með stofnunum að mannauðstengdum verkefnum en nýta einnig aðkeypta sérfræðipækkingu. Þannig er stuðlað að samhæfðum vinnubrögðum og miðlun nýrrar þekkingar og tengsla meðal ríkisstofnana. Helstu viðfangsefni ráðgjafanna eru vinnustaðagreiningar, greiningar á fræðsluþörfum, uppsetning stofnananáms, hæfnigreiningar starfa og aðstoð við gerð mannauðsstefnu. Þá hafa ráðgjafarnir einnig aðstoðað við innleiðingu starfsmannasamtala og komið að margskonar fræðslu og hópvinnu innan stofnana. Fyrirhugað er að nálgast stofnanir á persónulegri máta en áður og endurvinnna um leið kynningargögn.



Einnig að tengja mannauðsvinnuna frekar við niðurstöður úr könnun um Stofnun ársins og sérsníða samstarfs- og þróunarverkefni þvert á svið og stofnanir.

Á árinu voru eftirtalin ráðgjafaverkefni unnin:


- Lánasjóður íslenskra námsmanna: Hæfnigreiningar sex starfa.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Þarfagreining fræðslu fyrir félagsmenn aðildarféлага. Verkefnið var unnið með Ríkismennt og afurðin var heildstæð starfstengd námskeið og drög að fræðsluáætlun.
- Héraðsdómstólar: Starfstengd námskrá endurskoðuð og prófuð.
- Tryggingastofnun ríkisins: Stuðningur við starfsfólk í afgreiðslu- og framlínustörfum.
- Vinnumálastofnun: Skrifstofubraut aðlöguð að fræðsluþörfum skrifstofufólks stofnunarinnar.
- Tollstjóri: Hæfnigreiningar sex starfa þróaðar og prófaðar.
- ISAVIA: Gerð þjónustustefnu.
- Innanríkisráðuneytið: Gerð símenntunaráætlunar í samstarfi við Starfsþróunarsetur háskólamanna.
- Fangelsismálastofnun og fangelsi landsins: Vinnustaðagreiningar og aðgerðaáætlun.

Náms- og starfsráðgjöf


Náms- og starfsráðgjöf stóð félagsmönnum stéttarféлага innan heildarsamtaka BSRB til boða en viðtölum fækkaði á milli ára. 185 viðtöl voru tekin en árið á undan voru þau 294. Rúmur helmingur viðtala var við starfsfólk en tæpur helmingur við atvinnuleitendur og þá sem tóku þátt í starfsendurhæfingarúrræðum. Náms- og starfsráðgjöfin er unnin í samstarfi fjölda aðila s.s. SFR, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnunar og kostuð að mestu leyti af þróunarsjóði framhaldsfræðslu. Konur voru rúm 80% ráðþega og 60% voru eldri en fertugir. Þá komu flestir á eigin vegum en atvinnuleitendur voru boðaðir í samstarfi við Vinnumálastofnun og stéttarfélög. Áhugasviðskannanir voru mjög vel nýttar en almennt bar meira á erfiðari málum sem kröfðust meiri fagþekkingar en á námi og störfum. Þá voru gæðamál ráðgjafavinnunnar þróuð á árinu í samstarfi við Fræðslusmiðstöð atvinnulífsins og leiddu náms- og starfsráðgjafar setursins þá vinnu.




Menntun




Staða á vinnumarkaði




Ástæða komu



Stéttarfélag



Niðurstöður viðtala



Þróunarverkefni

Þjónustukönnun

Á árinu var ráðist í framkvæmd viðamikillar þjónustukönnunar með það að markmiði að meta þjónustu setursins, greina markhópinn betur og viðhorf hans til þjónustunnar. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmdina. Um netkönnun var að ræða sem send var á 7692 netföng en einnig var sendur sérstakur spurningalisti til forstöðumanna ríkisstofnana. Svörun var 38,2%. Helstu niðurstöður voru að þjónustuþegar höfðu almennt mikinn áhuga á að sækja námskeið til að efla hæfni sína í starfi. Þó vantaði upp á hvatningu til þeirra sem minni menntun hafa og þeirra sem eldri eru, til að sækja sér sí- og endurmenntunar. Þrátt fyrir að starfsemi Starfsmenntar sé almennt þekkt meðal þjónustuþega þekkir rúmlega þriðjungur lítið eða ekkert til setursins og þyrfti að huga að leiðum til að kynna starfsemina víðar. Karlar, yngri þjónustuþegar og þeir sem höfðu háskólapróf þekktu almennt minna til Starfsmenntar en aðrir og höfðu síður nýtt sér þjónustu setursins. Algengt var að fólk teldi tímaskort algengustu ástæðu þess að það hefði ekki nýtt sér þjónustuna, auk þess töldu sumir þau námskeið sem í boði voru, ekki henta sínu starfi. Notendur voru almennt ánægðir með þjónustu Starfsmenntar og töldu hana hafa nýst á margvíslegan hátt í starfi, t.d. með auknu sjálfstrausti, markvissari vinnubrögðum og til launahækkana. Konur og notendur búsettir á höfuðborgarsvæðinu voru þó almennt ánægðari en aðrir. Rúmlega helmingur notenda taldi að bæta þyrfti námsúrval og tæplega einn fjórði að bæta þyrfti kynningarstarf. Meirihluti notenda taldi líklegt að þeir myndu nýta þjónustu Starfsmenntar aftur, sérstaklega konur, yngra fólk og notendur með styttri menntun.

Önnur matsverkefni og gæðastarf

Árleg úttekt á gæðakerfi Starfsmenntar sem vottaður framhaldsfræðsluaðili fer fram hvert haust af óháðum úttektaraðila og stóðst setrið prófið án athugasemda. Einnig var sótt um vottun sem fræðsluaðili til mennta- og menningarmálaráðuneytisins en umsóknin var ekki afgreidd á árinu. Þá voru þróuð gæðaviðmið í náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og viðhorf ráðþega til þjónustunnar könnuð reglulega. Þá var unnið að innleiðingu símats á allri þjónustu Starfsmenntar og mun sú vinna verða tengd nýju vefumsjónarkerfi.

Íslenski hæfniramminn og jafngildi náms

Íslenskur hæfniramminn náms og starfa er í burðarliðnum en mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur þróað þá aðferðafræði í nokkur ár. Um er að ræða skilgreiningar á stigvaxandi hæfni sem hægt er að öðlast með virkri námsþátttöku og er í anda sambærilegrar matsvinnu sem hefur farið fram í flestum löndum Evrópu. Markmið rammans er að efla gæði og samanburð á námi milli landa og kerfa og er stefnt að því að starfstengdar námsleiðir utan hins formlega skólakerfis falli að honum. Þannig er tryggt að nám á vegum aðila vinnumarkaðar nýtist starfsfólki og gefi námseiningar að uppfylltum gæðakröfum. Hugmyndafræðin byggir á því að nám geti átt sér stað hvar og hvenær sem er en efla þurfi matsaðferðir og skýra náms-/starfsþróunarleiðir. Framkvæmdastjóri Starfsmenntar tók þátt í aðlögunarvinnu hæfnirammans að þörfum atvinnulífsins og stigvaxandi starfshæfni með það að markmiði að vinnan nýtist sem víðast og verði ekki eingöngu bundin við formlega skólakerfið.

Raunfærnimatsverkefni

Fræðslusetrið Starfsmennt hélt áfram að vinna að raunfærnimatsverkefnum í samstarfi við fjölmarga aðila. Sótt er um verkefni til þróunarsjóðs framhaldsfræðslu og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Raunfærnimat inn á félagsliðabraut komst á gott skrið á árinu eftir nokkrar tafir og var einnig unnið að hæfnigreiningum skrifstofustarfa í opinberri stjórnsýslu. Þær niðurstöður geta byggt grunn fyrir fræðsluáætlun þátttökustofnana. Starfsmennt nýtir samlegðaráhrif raunfærnimatsverkefna þannig að þau bæti hvert annað upp og niðurstöður nýtist út fyrir hin eiginlegu verkefni. Starfsmennt tekur t.d. þátt í evrópsku samstarfsverkefni sem stýrt er af Rúmeníu, þar sem verið er að þróa almenn hæfniviðmið skrifstofustarfa í opinberri stjórnsýslu og setja þau upp rafrænt. Haldnir voru tveir fundir á árinu í þessu tveggja ára verkefni og sá Starfsmennt um síðari fundinn í júní sem 14 manns sóttu. Þá tók setrið einnig þátt í tveimur vinnuhópum á vegum IPA verkefnis Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

sem styrkt er af Evrópusambandinu og er ætlað að þróa raunfærnimat til að efla starfshæfni full-orðinna með litla formlega menntun. Framkvæmdastjóri sat í samráðshópi þess verkefnis og stýrði aðkomu setursins að greiningu á almennri starfshæfni á lægri þrepum íslenska hæfnirammans. Samráðshópur verkefnisins fór í námsferð til Írlands á vordögum en IPA-verkefnið var slegið af undir lok ársins vegna afstöðu Íslands gagnvart aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

Evrópsk starfsmannaskiptaverkefni

Starfsmennt sótti um námsstyrki fyrir 19 aðila innan 8 stofnana til að fara í viku námsferðir til Evrópu. Um var að ræða tveggja ára verkefni sem Starfsmennt stýrði með það fyrir augum að bjóða samstarfsaðilum námsferðir til að auka skilning á mikilvægi símenntunar og starfsþróunar. Verkefnið nefndist *TASS-Training of Assistants in the Surveillance Sector* og miðaði að því að leita leiða til að efla starfstengt nám innan eftirlitsstofnana. Þátttakendur í verkefnum voru ýmsar öryggis- og eftirlitsstofnanir eins og Fiskistofa, Vinnueftirlit, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Fangelsismálastofnun og Tollstjórinn ásamt stéttarfélagum eins og SFR og Landsamband lögreglumanna. Fjórir styrkir komu í hlut starfsmanna Starfsmenntar sem fóru til annarsvegar Danmerkur og hinsvegar Englands.

Lokaorð

Starfsárið 2013 einkenndist af samdrætti og breyttum verkefnaáherslum. Þátttaka í nám minnkaði en meira var unnið við þróunarverkefni á sviði menntunar og mannauðsefingar. Skýr vilji er fyrir hendi til að efla mannauðsráðgjöf til stofnana þar sem unnið er að umbótaverkefnum sem að efla námsmenningu, vellíðan og gæðastarf stofnana. Framundan eru kerfisbreytingar á námi með innleiðingu íslenska hæfnirammans og tengingu við fullorðinsfræðslu og störf á vinnumarkaði. Starfsmennt hefur tekið þátt í þeirri þróun og unnið með hæfnigreiningar starfa og mat á raunfærni í margvíslegu samstarfi. Stórir stofnanaskólar gengu vel á árinu og hafa skapað ákveðna festu í símenntun starfsfólks. Smærri stofnanir nýttu sér styttri og snarpari námsúrræði og allt einingánám í samstarfi við framhaldsskóla var mjög vel nýtt. Þátttaka í almennum og opnum námskeiðum dalaði hinsvegar töluvert. Með fjölbreyttum náms- og þjónustutilboðum er reynt að mæta mismunandi þörfum starfsmanna og þar má alltaf gera betur.

Í stórri þjónustukönnun setursins kom í ljós að starfsþróunarleiðir þykja ekki nægilega skýrar m.a. vegna þess að starfstengd fræðsla er oft handahófskennd, ávinningur náms hvorki fyrirsjáanlegur né metinn nægilega og nýtist oft ekki stofnunum sem skyldi. Þá þarf að leita nýrra leiða í kynningarstarfi setursins. Þjónustukönnun ársins sýndi að stjórnendur þekkja lítið til setursins en starfsfólk þess meir og því er verk að vinna að ná betur eyrum stjórnenda og auka sýnileika þessa málaflokks.

Verkefnastaðan í árslok sýnir einnig að hefja þarf endurskoðun á námi og námstilboðum, einfalda yfirsýn en tryggja um leið fjölbreytileika í framsetningu og mati. Þá þarf að nýta mun betur möguleika rafræns námsumhverfis m.a. til að tryggja aðgengi allra ríkisstarfsmanna. Framundan er endurhönnun á vefkerfi Starfsmenntar og felast þar mörg tækifæri til að efla rafræna umsýslu náms. Opinberir starfsmenn þurfa að búa yfir hæfni til að geta mætt fjölbreyttum kröfum sem gerðar eru til þeirra og fá tækifæri til þess að vaxa í starfi. Til þess að starfsmenn geti sinnt störfum sínum sem best og tekist á við breytingar, auknar kröfur og tileinkað sér nýjungar þarf aðgangur að heildstæðu, sveigjanlegu námi að vera fyrir hendi sem mætir þörfum starfsfólks og stjórnenda og samræmist mannauðsstefnu stofnana og stjórnvalda. Námskerfi af þessu tagi þarf að vera hagnýtt, viðurkennt og starfsmiðað og henta starfsfólki sem vinnur á ólíkum starfssviðum. Það þarf að tengjast hugmyndafræði um skilgreiningu og mat á stigvaxandi hæfni og vera viðurkennt sem slíkt af yfirvöldum. Með heildstæðu og sveigjanlegu námskerfi má nýta margskonar samlegðaráhrif sem tryggja aðgang starfsmanna, óháð stærð stofnana eða staðsetningu, að úrvals starfsnámi og skýra um leið starfsþróunarleiðir. Þannig er viðbúið að mannauður ríkisins styrkist og fagmennska og þekking á störfum ríkisins aukist sem gerir vettvanginn að eftirsóknarverðum framtíðarvinnustað.

Skráningar á námskeið 2013


Námsleiðir og námskeið	Dagsetning	Skráning	Stundir
Að tjá sig án kvíða	11.3.2013	4	16
Á vettvangi - Starfstengd enska	8.4.2013	3	16
Áfangar - Sjálfsstyrking og starf fangavarða Akureyri	5.2.2013	10	4
Áfangar - Sjálfsstyrking og starf fangavarða Grundarfirði	5.2.2013	7	4
Áfangar - Sjálfsstyrking og starf fangavarða Reykjavík	29.1.2013	11	4
Áfangar - Sjálfsstyrking og starf fangavarða Reykjavík	31.1.2013	14	4
Áfangar - Sjálfsstyrking og starf fangavarða Selfossi	5.2.2013	12	4
Áfangar - Sjálfsstyrking og starf fangavarða Selfossi	7.2.2013	17	4
Áfangar - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn - Akureyri	29.10.2013	6	4
Áfangar - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn - Grundarfjörður	29.10.2013	6	4
Áfangar - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn - Reykjavík	12.11.2013	18	4
Áfangar - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn - Reykjavík	14.11.2013	14	4
Áfangar - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn - Selfoss	29.10.2013	29	4
Áfangar - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn - Selfoss	31.10.2013	21	4
Áfangar - Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur - Akureyri	19.11.2013	1	6
Áfangar - Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur - Grundarfj.	19.11.2013	3	6
Áfangar - Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur - Reykjavík	19.11.2013	12	6
Áfangar - Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur - Selfossi	5.11.2013	7	6
Danska - Þjálfun í talmáli á léttum nótum	21.1.2013	15	19,5
Danska II	11.2.2013	10	19,5
Kópavogur - Efling sjálfstrausts	12.11.2013	12	4
Einkaleyfastofa - Þjónustustjórnun	18.3.2013	21	18
Enska - Talnámskeið - Akureyri	24.9.2013	2	16
Enska fyrir atvinnulífið - byrjendur - Hornafirði	11.9.2013	1	14
Enska fyrir atvinnulífið - Hafnarfjörður	5.2.2013	27	20
Enska fyrir atvinnulífið - talmál - Ísafjörður	28.1.2013	3	24
Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Akureyri	3.4.2013	3	16
Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Suðurland	7.10.2013	1	18
Enska II - Hvolsvöllur	23.1.2013	2	18
Ég og starfið	21.2.2013	5	36
Félags- og tómstundabré	vor/haust	13	
Félagsliðabré - Borgarholtsskóli	vor/haust	89	
Félagsliðabré - Fræðslunet Suðurlands	vor/haust	11	
Félagsliðabré - Miðstöð símenntunar Suðurnesjum	vor/haust	14	
Félagsliðar - Munnhirða sjúkra og aldraðra	19.3.2013	11	4
Félagsliðar - Viðhorf, virðing og fjölbreytileiki	10.4.2013	20	4
Félagsliðar - Viðhorf, virðing og fjölbreytileiki - Akureyri	10.4.2013	4	4
Félagsliðar - Viðhorf, virðing og fjölbreytileiki - Húsavík	11.4.2013	7	4
Félagsliðar - Viðhorf, virðing og fjölbreytileiki - Reyðarfjörður	10.4.2013	2	4
Félagsliðar - Viðhorf, virðing og fjölbreytileiki - Reykjanesbær	10.4.2013	6	4
Félagsliðar - Viðhorf, virðing og fjölbreytileiki - Reykjavík	10.4.2013	4	4
Félagsliðar - Viðhorf, virðing og fjölbreytileiki - Sauðárkrókur	11.4.2013	4	4

Félagssliðar - Viðhorf, virðing og fjölbreytileiki - Selfoss	11.4.2013	1	4
Forystufræðslan - Að koma fram í fjölmiðlum - Reykjavík	11.10.2013	11	8
Forystufræðslan - Að tjá sig af öryggi - Reykjavík	6.2.2013	13	8
Forystufræðslan - Að tjá sig af öryggi - Reykjavík	23.10.2013	15	8
Forystufræðslan - Fjármál og fjárreiður stéttarfélag - Rvk.	10.10.2013	20	8
Forystufræðslan - Hópavinna og liðsheild - Reykjavík	19.9.2013	10	8
Forystufræðslan - Í kappi við tímann - Akureyri	18.3.2013	3	6
Forystufræðslan - Í kappi við tímann - Egilsstaðir	22.4.2013	1	6
Forystufræðslan - Í kappi við tímann - Ísafjörður	23.5.2013	7	6
Forystufræðslan - Í kappi við tímann - Reykjavík	5.2.2013	5	6
Forystufræðslan - Karphúsið og kjarasamninga - Reykjavík	6.9.2013	37	4
Forystufræðslan - Krefjandi samskipti - Akureyri	5.3.2013	5	4
Forystufræðslan - Krefjandi samskipti - Egilsstaðir	23.4.2013	1	4
Forystufræðslan - Krefjandi samskipti - Ísafjörður	7.5.2013	7	4
Forystufræðslan - Krefjandi samskipti - Reykjavík	12.4.2013	20	4
Forystufræðslan - Krefjandi samskipti - Reykjavík	20.9.2013	18	4
Forystufræðslan - Réttindakerfið II - Akureyri	4.3.2013	6	9
Forystufræðslan - Réttindakerfið II - Egilsstaðir	8.4.2013	1	9
Forystufræðslan - Réttindakerfið II - Ísafjörður	6.5.2013	8	9
Forystufræðslan - Réttindakerfið II - Reykjavík	4.2.2013	7	9
Forystufræðslan - Samningatækni - Reykjavík	5.9.2013	35	8
Forystufræðslan - Umsjón funda og ólík fundarform - Akureyri	19.3.2013	5	8
Forystufræðslan - Umsjón funda og ólík fundarform - Egilsstaðir	9.4.2013	2	8
Forystufræðslan - Umsjón funda og ólík fundarform - Ísafjörður	24.5.2013	7	8
Forystufræðslan - Umsjón funda og ólík fundarform - Reykjavík	11.4.2013	13	8
Forystufræðslan - Upplýsinga- og skjalastjórnun	24.10.2013	12	8
Forystufræðslan - Virk hlustun - Reykjavík	20.9.2013	9	4
Forystufræðslan - Þjónustunámskeið - Reykjavík	25.10.2013	5	4
Fríhafnarskólinn - Markaðs- og sölutækni A1	22.1.2013	167	40
Fríhafnarskólinn - Markaðs- og sölutækni B1	24.1.2013	44	40
Fríhafnarskólinn - Markaðs- og sölutækni Dagvakt	24.1.2013	17	40
Fríhafnarskólinn - Sölu- og markaðstækni - Eftir hádegi	2.4.2013	25	4
Fríhafnarskólinn - Sölu- og markaðstækni - Fyrir hádegi	2.4.2013	31	4
Heilbrigðisritarabré - Fjölbraut í Ármúla	Haust 2013	9	
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga - Starfsmannas. fyrir starfsmenn	14.1.2013	11	6
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga - Vellíðan á vinnustað	14.1.2013	9	3
Ísafjörður - Að takast á við erfiða viðskiptavini	4.2.2013	17	4
Ísafjörður - Hvað er mannauðsstjórnun?	9.4.2013	21	4
Ísafjörður - Tímastjórnun	6.5.2013	20	4
Kópavogur - Efling sjálfstrausts	12.11.2013	26	4
Lífsbraut	11.3.2013	41	60
Markaðssetning vöru og þjónustu - Akureyri	17.1.2013	2	36
Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum	4.3.2013	6	60
Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum	21.10.2013	7	60
Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - Fjarnám - Ísafjörður	21.10.2013	1	60

Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu	6.5.2013	13	32
Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu	14.11.2013	18	32
Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu - Ísafj.	14.11.2013	3	32
Náms- og starfsráðgjöf -- Strong Interest áhugakönnun	31.12.2013	1	
Nýr vettvangur - Að efla sjálfstraust og sjálfsöryggi	2.4.2013	15	8
Nýr vettvangur - Að geta talað máli sínu	9.4.2013	6	6
Nýr vettvangur - Að sækja um starf	30.4.2013	3	8
Nýr vettvangur - Hagfræði skynseminnar	4.4.2013	3	4
Nýr vettvangur - Hollusta og heilbrigði	11.4.2013	5	4
Nýr vettvangur - Kynning á menntunarmöguleikum	23.4.2013	1	4
Nýr vettvangur - Námsækni og hæfileikinn til að læra	16.4.2013	34	4
Nýr vettvangur - Þróun starfa og símenntun	18.4.2013	1	6
Rekspölur 1	15.11.2013	23	60
Rekspölur 2	5.4.2013	16	60
Ríkisskattstjóri - Kennsluaðferðir í fullorðinsfræðslu	26.9.2013	27	4
Ríkisskattstjóri Hellu - Samskipti á kvennavinnustað	26.9.2013	10	4
RSK - Að skrifa góða íslensku - Akureyri	28.1.2013	44	8
Sjúkratryggingar Íslands - Starfstengd enska	2.4.2013	14	16
Skálatún - Að takast á við ágreining	19.2.2013	23	4
Skálatún - Vellíðan á vinnustað	12.2.2013	15	4
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 1. önn	12.1.2013	3	150
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 1. önn	31.8.2013	8	150
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 2. önn	12.1.2013	9	150
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 2. önn	31.8.2013	6	150
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 3. önn	12.1.2013	2	150
Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 3. önn	31.8.2013	4	150
Skrifstofubraut I í fjarnámi (Raunfærnimat)	8.1.2013	2	0
Skrifstofubraut I í fjarnámi (Raunfærnimat)	31.8.2013	4	0
Skrifstofubraut II í fjarnám 1. - 3. önn	12.1.2013	5	150
Skrifstofubraut II í fjarnám 1. - 3. önn	31.8.2013	9	150
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám	25.2.2013	1	84
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám	23.9.2013	10	84
Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnám	21.1.2013	21	162
Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnám	2.9.2013	10	162
Starfstengd enska fyrir lækningaritara og heilbrigðisritara	8.4.2013	14	16
Stjórnarfundir Starfsmenntar	13.1.2013	6	
Talsmaður breytinga - hugmyndasmiður á vinnustað	22.2.2013	9	76
Tollstjóri - Að takast á við breytingar	5.2.2013	15	4
Tollstjóri - Að takast á við breytingar	12.2.2013	16	4
Tollstjóri - Fullnustugerðir	17.9.2013	10	24
Tollstjóri - Fullnustugerðir	29.10.2013	12	24
Tollstjóri - Kröfuréttur framhald	21.2.2013	15	12
Tollstjóri - Kröfuréttur framhald	11.4.2013	15	12
Tollstjóri - Líkamsbeiting og heilsa	19.2.2013	29	8
Tollstjóri – Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur	9.1.2013	29	7

Tollstjóri - Starfstengd enska II	8.1.2013	15	16
Tollstjóri - Stjórnsýsla skatta og innheimtu	14.5.2013	13	6
Tryggingastofnun - Kennsluaðferðir í fullorðinsfræðslu	25.10.2013	17	4
Tryggingastofnun - Vellíðan í vinnunni, hópur I	9.4.2013	14	9
Tryggingastofnun - Vellíðan í vinnunni, hópur II	9.4.2013	11	9
Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum	1.2.2013	6	
Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum	1.3.2013	3	
Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum	1.10.2013	16	
Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum	1.11.2013	11	
Tölvur - Excel frh.	15.10.2013	28	26
Tölvur - Fjársjóður Google	5.11.2013	16	26
Tölvur - Grunnám	24.9.2013	23	26
Tölvur - Hugarkort	26.11.2013	16	26
Tölvur - Myndvinnsla og myndavélar	5.11.2013	39	26
Tölvur - Outlook	24.9.2013	21	26
Tölvur - PowerPoint	15.10.2013	5	26
Tölvur - Publisher	5.11.2013	8	26
Tölvur - Word frh.	26.11.2013	15	26
Tölvur og tölvunotkun - Excel framhaldsnámskeið	12.3.2013	12	26
Tölvur og tölvunotkun - Fjársjóður Google-NÝTT	4.4.2013	12	26
Tölvur og tölvunotkun - Grunnám	19.2.2013	23	26
Tölvur og tölvunotkun - Hugarkort-NÝTT	23.4.2013	12	26
Tölvur og tölvunotkun - Myndvinnsla og myndavélar	4.4.2013	36	26
Tölvur og tölvunotkun - Outlook	19.2.2013	10	26
Tölvur og tölvunotkun - PowerPoint	12.3.2013	7	26
Tölvur og tölvunotkun - Publisher	4.4.2013	2	26
Tölvur og tölvunotkun - Word framhaldsnámskeið	25.4.2013	8	26
Upplýsinga- og skjalastjórn	9.4.2013	8	8
Upplýsinga- og skjalastjórn	19.11.2013	20	8
Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar	12.2.2013	15	24
Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar	15.10.2013	22	24
Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Akureyri	15.10.2013	1	24
Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Selfoss	15.10.2013	4	24
Viðbótarnám fyrir félagsliða	vor/haust	36	
Viðurkenndur bókari - EHÍ, kennt um helgar	9.8.2013	26	
Viðurkenndur bókari - MK, kennt á virkum dögum	26.8.2013	14	
Vinumálaskólinn II - Skrifstofubraut í MK	5.9.2013	15	
Vinumálaskólinn II - Skrifstofubraut í MK	6.9.2013	13	
Vísdómur - Meðferð einkamála - Egilsstaðir	25.11.2013	1	4
Vísdómur - Meðferð einkamála - Reykjavík	25.11.2013	14	4
Vísdómur - Meðferð einkamála - Sauðárkrúkur	25.11.2013	2	4
Vísdómur - Starfsmannasamtöl fyrir almenna starfsmenn	21.10.2013	13	4
Vísdómur - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn - Akureyri	21.10.2013	4	4
Vísdómur - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn - Egilsstaðir	21.10.2013	1	4
Vísdómur - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn - Ísafjörður	21.10.2013	1	4

Þjóðskrá - Starfstengd enska, hópur 1	19.2.2013	10	12
Þjóðskrá - Starfstengd enska, hópur 2	19.2.2013	9	12
Þjóðskrá - Velliðan í vinnunni	28.2.2013	14	4,5
Þjónustustjórnun-Fjarkennt	4.3.2013	23	6
Þjónustustjórnun-Fjarkennt	16.10.2013	12	6
Próttur - Akureyri - Samskipti við skóla	24.10.2013	26	16
Próttur - Akureyri - Samskipti við skóla	7.11.2013	14	16
Próttur Akureyri - Samskipti og sjálfsstyrking - Hópur II	27.5.2013	20	16
Próttur Akureyri - Samskipti og sjálfsstyrking- Hópur I	21.5.2013	11	16
Próttur, Borgarnes - Að efla liðsheild / Ég og sveitarfélagið	22.3.2013	11	8
Samtals		2518	3915,5



símenntun ber ávöxt